

mála nr. 74/1974, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrár gæsluvarðhaldi ekki til fyrirstöðu, þar sem brot, ef sannast, getur varðað fangelsi.

Hæfilega þykir gæsluvarðaldstíminn ákveðinn allt að 15 dögum.

Úrskurðarorð:

Kristján Jón Jóhannsson, fæddur 2. des. 1956, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 15 dögum.

Föstudaginn 22. október 1976.

Nr. 10/1975. Pólarminkur h/f

(Þorsteinn Júlíusson hr.)

gegn

Guðlaugi Guðmannssyni (enginn).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Dómskuld greidd eftir uppsögu héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 22. janúar 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. janúar s. á. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, sem eigi hefur gagnáfrýjað málinu, tilkynnti Hæstarétti 1. október 1976, að meðstefndi í héraði, Loðdýr h/f, hefði greitt dómskuld samkvæmt héraðsdómi að fullu. Félli því framvegis niður þingsókn af hans hálfu. Hann hefur engar kröfur gert í málinu.

Eins og kröfugerð áfrýjanda er háttað og þar sem fram er komið, að stefndi hefur fengið fulla greiðslu samkvæmt dóms-

orði héraðsdóms, verður sýknukrafa áfrýjanda tekin til greina.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Pólarminnur h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðlaugs Guðmannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júní 1974.

1.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 16. janúar 1973. Munnlegur málflutningur fór fram í málinu 30. maí sl., og var málið dómtekið að honum loknum.

Stefnandi máls þessa er Guðlaugur Guðmannsson bóndi, Dalsmynni, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu.

Stefndu eru hlutafélagið Loðdýr, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, og hlutafélagið Pólarminnur, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.

Stefnandi krefst þess aðallega, að Loðdýr h/f og Pólarminnur h/f verði dæmd til að greiða honum óskipt skaðabætur að fjárhæð kr. 195.980 auk 7% ársvaxta frá 1. febrúar 1971 til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins. Til vara krefst stefnandi þess, að Loðdýr h/f verði eitt dæmt til að greiða stefnanda áðurgreinda skaðabótafjárhæð auk vaxta og málskostnaðar. Upphaflega gerði stefnandi þá kröfu til þrautavara, að Pólarminnur h/f yrði dæmdur til að greiða stefnanda fyrrgreinda bótafjárhæð auk vaxta og málskostnaðar. Undir rekstri málsins hefur stefnandi þó fallið frá þrautavarakröfunni.

Stefndi Loðdýr h/f gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknður bæði af aðalkröfu og varakröfu. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins. Stefndi Pólarminnur h/f krefst sýknu af aðalkröfu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur engan árangur borið.

2.

2.1. Samkvæmt stefnu eru málavextir þeir, að í janúarmánuði 1971 réðst aliminnur inn í hænsnabú stefnanda að Dalsmynni á

Kjalarnesi og drap þar á nokkrum dögum 107 varphænur. Auk þess er varp talið hafa fallið niður hjá 266 hænum vegna heim-sóknar minksins, þannig að það varð að slátra þeim.

Þann 11. febrúar 1971 ritaði Sveinn Einarsson veiðstjóri greinargerð, sem lögð hefur verið fram í málinu. Þykir rétt að rekja þessa greinargerð hans hér í heild sinni:

„Miðvikudaginn 20. janúar s.l. var mér tilkynnt, að minkur væri laus í hænsnabúi að bænum Dalsmynni á Kjalarnesi og væri búinn að drepa allmörg hænsni.

Að lítilli stundu liðinni lagði ég af stað þangað. Með mér var Jónas Bjarnason, lögregluþjónn, Bakkagerði 3, Reykjavík. Höfðum við meðferðis veiðihunda og venjulegan útbúnað til að vinna minka.

Þegar að Dalsmynni kom, sagði bóndinn, Guðlaugur Guðmannsson, sem býr eingöngu með hænsni, að fyrir a. m. k. 11 dögum hefði hann fyrst orðið var við áverka á höfði hænsna og ókyrrðar í húsinu; síðan hefði þetta ágerst töluvert og hænur fundist dauðar með blóði á haus og hálsi. Guðlaugur sagði, að ekki hefði hvarflað að sér, að hér gæti verið um mink að ræða, því hefði hann kallað á dýralækni, sem kom þangað fyrri hluta dagsins og tók með sér 17 hænsni til rannsóknar að Keldum. Skömmu eftir að dýralæknirinn fór frá bænum, sá heimafólkið mink í hænsnahúsinu og gerði þá strax viðvart.

Við sáum nokkur hænsni með áverka á höfði, og var þar um augljós minkabit að ræða. Ég taldi vonlítið að ná minknum með aðstoð veiðihunda, þar sem felustaðir fyrir hann voru margir og holrúm á milli veggja, og því kom ég fyrir bogalögnum á fjórum stöðum. Næsta morgun var minkur fastur í einni þeirra, og aflífaði bóndinn hann.

Fullvíst er, að þar var kominn vargurinn, sem drepið hafði hænsnin, því ekki hefur frekar orðið vart við neitt, sem bendir til, að um annan mink geti verið að ræða, og bogalagnirnar, sem legið hafa, eru með sömu ummerkjum og þær voru. Það var strax augljóst, að hér var um alimink af Standard tegund að ræða, þ. e. þeirri tegund, sem mest hefur verið flutt inn frá Noregi síðan í vor. Standard minkurinn, aliminkurinn, er hrafnsvartur að lit og því gjörólíkur íslenska villiminknum, sem er ávallt brúnleitur.

Að tilmælum landbúnaðarráðuneytisins var þegar hafin rannsókn á því, hvaðan þessi aliminkur gæti verið kominn. Hefur rannsóknarlögreglan í Hafnarfirði fyrir hönd sýslumannsins í

Gullbringu- og Kjósarsýslu annast það mál ásamt mér undirrituðum.

Niðurstöður rannsókna leiða í ljós, að ekki getur verið nema um tvo staði að ræða, sem aliminkurinn getur hafa komið frá, en það eru loðdýrabúin Loðdýr h.f. að Lykkju á Kjalarnesi og Pólar-minkur h.f., Skeggjastöðum í Mosfellssveit.

Það verða að teljast mun meiri líkur fyrir því, að umræddur minkur sé upprunninn frá Lykkjubúinu, en hins vegar er ekki hægt að útiloka þann möguleika, að hann geti verið kominn frá minkabúinu að Skeggjastöðum. Hafi minkurinn sloppið frá öðru hvoru þessara búa, þá er vegalengdin frá Lykkju að Dalsmynni aðeins 3—4 km, en frá Skeggjastöðum að Dalsmynni a. m. k. 20 km. Á líklegustu leið minksins þaðan eru mörg býli, hænsnabú, laxaeldistöðin í Kollafirði og minkabúið að Lykkju, er því frekar ólíklegt, að aliminkur geri hvergi vart við sig á svo langri leið.

Pótt frágangur minkabúa sé á allan hátt hinn vandaðasti, er það staðreynd, að komið getur fyrir, að minkur sleppi frá búi, en út úr hinum nýbyggðu minkabúum hér á landi fer hann ekki nema af vangæzlu, svo sem ef hurðum og hliðum er ekki ávallt lokað, þegar um er gengið.

Þegar minkahvolpar eru um átta vikna gamlir, er ætlast til, að þeir séu teknir frá mæðrum sínum og hafðir þá 1—3 í búi, þar til í ágústmánuði, en eftir þann tíma þykir ekki ráðlegt að hafa nema eitt dýr í hverju búi, til þess að þau fái sem beztan feld. Eftir að búið er að aðskilja hvolpana, hljóta starfsmenn búanna að verða þess strax varir, ef eitthvert dýr vantar.

Hinar 900 minkalæður, sem hlutafélagið Loðdýr, Reykjavík, flutti inn frá Noregi í byrjun aprilmánaðar s.l., urðu mjög frjó-samar og eignuðust 3586 hvolpa, sem komust á legg.

Í sumar og haust var þannig ástatt á búi félagsins að Lykkju, að húsrými vantaði fyrir fjölda minkahvolpa, og voru allt að 5—6 dýr saman í einu búi, þar til aflífun og skinnaverkun hófst í byrjun desembermánaðar, en henni lauk hinn 11. janúar s.l. Á þessu tímabili voru alls aflífaðir 2173 minkar á búinu að Lykkju.

Hlutafélagið Pólar-minkur í Reykjavík flutti inn 2000 minkahvolpa frá Noregi í byrjun ágústmánaðar s.l. sumar til búsins að Skeggjastöðum í Mosfellssveit. Þar hafa ekki verið nema 1—2 minkahvolpar í hverju búi frá því fyrsta, að þeim var komið fyrir á búinu.

Á búinu að Skeggjastöðum hófst aflífun og skinnaverkun hinn

7. desember s.l. og lauk 22. sama mánaðar. Þar voru alls aflífaðir 399 minkar.

Það mun vera álit þeirra, sem kunna skil á minkarækt, að sérstakrar aðgæzlu þurfi á minkabúum, meðan á aflifun felddýra stendur, sökum þess að þá kvað vera mest hætta á, að þau sleppi úr búrum sínum.

Í myrkri skammdegisins ber ekki mikið á svörtu dýri, og þá getur hin minnsta óaðgæzla orðið til þess, að dýr komist út fyrir varnargirðingu.

Samkvæmt frásögn bóndans, Guðlaugs Guðmannssonar í Dalsmynni, varð fyrst vart við særð hæsni hinn 8.—10. janúar s.l., en hins vegar er ekki útilokað, að minkurinn hafi leynst í hæsnahúsinu einhvern tíma, áður en hann fór að bíta. Þó bendir margt til þess, að ekki hafi liðið mjög langur tími frá því, að umræddur aliminkur hafi verið á eldi. Rannsókn, sem gerð var á dýrinu að Tilraunastöðinni á Keldum, leiddi í ljós, að hér var um læðuhvolp að ræða, sem var orðinn magur.

Vitað er, að aliminkar, sem sleppa úr eldi, eiga örðugt með að bjarga sér á víðavangi, og þá sér í lagi um hávetur. Þess vegna er það háttur þeirra að leita á þá staði, þar sem eitthvert æti er að finna, og verða því hæsnabú, sem auðvelt er að smjúga inn í, oft fyrir heimsókn þeirra.

Að svo komnu máli mun erfitt að sanna, svo fullvíst sé, frá hvoru minkabúinu, Lykkju eða Skeggjastöðum, umræddur aliminkur sé kominn“.

Sveinn Einarsson gaf skýrslu hér fyrir réttinum 13. mars sl. Sagði hann, að áður rakin greinargerð hefði að geyma rétta lýsingu á málavöxtum. Á þessum tíma kvaðst hann hafa verið starfsmaður Búnaðarfélags Íslands og haft á hendi eftirlit með minkabúum. Kvaðst vitnið hafa fylgst með innflutningi dýranna bæði til Loðdýrs h/f og Pólarminks h/f. Hann kvaðst einnig hafa fylgst með búunum, eftir að þau voru tekin í notkun, og ekki geta séð, að neitt hafi verið vanrækt. Hann taldi, að dýrin gætu ekki komist út úr búrunum hjálparlaust. Hann upplýsti, að dýrin hjá stefndu hefðu enn verið í sóttkví, þegar umræddir atburðir gerðust, þ. e. sóttkví, sem skylt er að viðhafa samkvæmt lögum, var ekki lokið.

Vitninu var kynnt 16. gr. reglugerðar nr. 282/1969, og hann var spurður um skýrslubækur þær, sem þar getur. Vitnið sagði, að hann vissi til, að slíkar bækur hefðu verið haldnar hjá stefndu.

Hann kveðst hafa farið yfir þessar bækur og ekki séð neitt at-
hugavert við færslur. Á hinn bóginn kvaðst vitnið ekki hafa getað
fylgst með tölu dýranna. Sagði vitnið, að umrædda skýrslubók
ætti aðallega að halda í sambandi við ræktun dýranna, en hins
vegar ætti að vera hægt að sjá af skýrslubókunum, hvort tiltekið
dýr hefði sloppið, ef á það reyndi. Vitninu var kynnt efni skýrslu
Jóhannesar P. Jónssonar rannsóknarlögreglumanns, dags. 8. febrú-
ar 1971 (Skýrsla þessi verður rakin hér að neðan). Sagði vitnið
það rétt vera, að þeir hefðu talið alla minkana hjá Loðdýri þann
8. febrúar 1971. Í einu tilviki hafi vantað eitt dýr miðað við skýrslu
bústjóra, en í öðru tilviki hafi verið tveim dýrum meira en sagði
í skýrslu bústjóra.

Reynslu sinni lýsti Sveinn þannig, að hann hafi stöðugt starfað
að því að veiða villimink um allt land í rúmlega 16 ár. Kvaðst
vitnið hafa veitt minka svo hundruðum skipti alls staðar á land-
inu. Kvaðst vitnið aldrei hafa fargað slíkum minki og hér um
ræddi, þ. e. svörtum minki. Á þessu byggði vitnið þá skoðun sína,
að hér væri um alimink að ræða. Umræddur minkur hefði og
drepið hænurnar með ólíkum hætti og villiminkur gerði. Sveinn
kvaðst hafa tekið eftir því, að framtennur villiminks gætu sljóg-
ast nokkuð fljótt. Vitnið sagði, að algengt væri, að villiminkar
færu í hæsnahús. Oftar en einu sinni kvaðst vitnið hafa unnið
að því að drepa villimink, sem farið hafði í hæsnabú á Kjalar-
nesi. Vitnið sagði, að villiminkar væru stundum magrir, þegar
tækist að klófesta þá á sambærilegum árstíma. Hins vegar ætti
það varla við um þetta svæði. Þar væru villiminkar yfirleitt
bústnir. Vitnið taldi hugsanlegt, að mar það, sem fannst á hnakka
umrædds minks, stafaði af tilraun, sem gerð hefði verið til að
pelsa dýrið.

Stefnandi gaf skýrslu um málavexti hjá rannsóknarlögreglu í
Hafnarfirði þann 23. janúar 1971. Þar segir, að mánudaginn 11.
janúar 1971 hafi hann komið í hæsnabú sitt kl. rúmlega 1700
og séð, að 5—6 varphænur voru dauðar. Fyrst datt honum í hug,
að þetta væri fóðrinu að kenna, og aðhafðist ekkert. Þann 18.
janúar 1971, er stefnandi kom í hæsnahúsið, var mikill fjöldi
hænsna dauður eða ósjálfbjarga. Hænurnar höfðu allar sama ein-
kenni, þ. e. blóðblett á hnakka. Þriðjudagsmorguninn og miðviku-
dagsmorguninn næst á eftir gerðust svipaðir atburðir. Kveðst
stefnandi þá hafa haft samband við Brynjólf Sandholt dýralækni,
sem hafi komið og tekið með sér 16—18 hænuhræ og farið með
til rannsóknar að Keldum.

Stefnandi kveðst nú hafa haft samband við minkabana svo og Svein Einarsson veiðistjóra. Hafi fyrst verið leitað að minknum með hundi, en síðan voru lagðar gildirur. Á fimmtudagsmorgni var minkur búinn að hálfdrepa mikið af hænum, en var fastur í gildru með annan afturfótinn. Var dýrið handsamað og aflífað. Í aðiljaskýrslu hefur stefnandi skýrt svo frá, að minkurinn hafi alls drepíð 107 varphænur.

Skýrsla Jóhannesar P. Jónssonar rannsóknarlögreglumanns liggur frammi í málinu. Þar segir svo: „Mánudaginn 8. 2. 1971 kl. 14.30 fór undirritaður ásamt þeim Sveini Björnssyni, rannsóknarlögreglumanni, og Sveini Einarssyni, veiðistjóra, að minkabúi Logdýrs h.f. að Lykkju, Kjalarnesi. Þar framkvæmdi undirritaður ásamt Sveini Einarssyni talningu á dýrum búans, sem reyndust vera 1861, og var eitt í hverju búi. Þar voru og 24 dauð dýr, sem bústjórinn sýndi okkur, og á bænum Lykkju sýndi okkur Jón Leví 57 skinn, en gat þess, að meira magn af skinnnum væri hjá stjórnarmanni, Jóni Magnússyni.

Þess skal getið, að við okkar talningu kom í ljós, að í fjórum húsanna, sem hafa sex búr í „collyi“, kom í ljós (sic), að voru 896 dýr, en bústjórinn gaf upp 897. Við endurtalningu kom í ljós, að í nefndum húsum voru aðeins 896 dýr, og var bústjórinn við þá talningu einnig, og féllst hann á, að hans tala væri ekki rétt. Bústjórinn, Friðrik Bridde, talaði um það, að ekki væri hægt að telja mink svo öruggt væri, er nefnd skekkja kom í ljós. Í skýrslu, sem Sveinn Björnsson tók af bústjóranum, gaf hann upp, að í búinu væru 1860 dýr, en síðan kom í ljós, að þau voru 1861, eftir að lögð hafði verið saman talningin í öllum húsunum, bæði hjá okkur og bústjóranum . . .“.

Umráddur Friðrik Bridde gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði þann 8. febrúar 1971 og hér fyrir dómi 27. mars 1974. Af skýrslum vitnisins má ráða, að norskur maður, Arne Bond, hafi verið bústjóri að Lykkju til 17. desember 1970. Vitnið réð sig til búans sem ræktari í byrjun september 1970, en þegar fyrrnefndur Arne Bond lét af störfum hjá búinu, tók vitnið við störfum bústjóra. Vitnið skýrði svo frá, að fyrrnefndur Arne Bond hafi verið með bók yfir dýrin frá byrjun, þ. e. fjölda í upphafi, hvað hefði fæðst og hversu mikið drepist, og sagði vitnið, að sú bók lægi hjá stjórnarformanni, Hermanni Bridde. Sjálfst kveðst vitnið hafa framkvæmt talningu í búinu 1. janúar 1971. Voru þá minkar samtals 1981, og stemmdi það við bækur. Kvaðst vitnið hafa haldið skrá yfir lífdýr og enn fremur skráð

þau dýr, sem drápust og fæddust. Sagði vitnið að frá 1. janúar 1971 og þar til skýrslan var gefin 8. febrúar s. á. hefðu 121 dýr drepist, 29 stk. voru pelsuð þann 11. janúar 1971, og 29 stk. voru send að Keldum. Þá voru 24 dauð dýr með feldi í búinu að sögn vitnisins. Vitnið var vissst um, að ekki hefði neinn minkur sloppið út úr húsi eða girðingu, síðan vitnið tók við búinu. Þó kemur fram í framburði vitnisins, að seinni partinn í desember 1970 sluppu tveir minkar út úr búrum sínum út í girðinguna, sem er umhverfis búið, en voru handsamaðir þar.

Í skýrslu stefnanda greinir frá því, að hann hafi komið með umræddan mink að Lykkju til að sýna vitninu. Vitnið var spurt um þennan atburð. Vitnið sagði, að hann hefði séð stefnanda með þennan mink. Kveðst vitnið hafa sagt við stefnanda, að sér hefði fundist minkurinn dökkur, eins og minkur, sem sum búin hefðu. Í lögregluskýrslu 8. febrúar 1971 greindi vitnið þó svo frá um þennan atburð: „... Aðspurður segir mættur, að hann hafi aldrei sagt við bóndann frá Dalsmynni, að minkurinn, sem hann kom með, væri frá þeirra búi, heldur, að sá minkur væri eins og minkur, sem þeir ættu og öll búin hefðu...“. Sama kvöld kveðst vitnið hafa látið fara fram talningu og kallað til stjórnarformann. Voru talin öll lífdýr og þau borin saman við skrána, og kom það heim og saman. Hins vegar segir vitnið, að talning hafi ekki verið gerð á þeim skinum, sem voru í geymslu, og nokkrum hræjum. Um þessa síðastnefndu talningu sagði vitnið, að til væru skráðar heimildir. Vitninu var kynnt framangreind skýrsla Jóhannesar P. Jónssonar rannsóknarlögreglumanns, en vitnið kvaðst ekki muna eftir því, að sér hafi verið tjáð, að þarna vantaði eitt dýr. Vitnið kvaðst ekki muna eftir Sveini Einarssyni við talninguna, en hann kvaðst muna eftir báðum lögreglumönnum. Hann kvaðst heldur ekki minnst þess, að talning hafi ekki stemmt við skýrslur í einstökum húsum.

Vitnið Brynjólfur Sandholt gaf vitnaskýrslu hér fyrir dómi 27. mars 1974, en vitnið er héraðsdýralæknir í Kjósarumdæmi. Hann kveðst hafa komið að Dalsmynni og skoðað dauðar og hálfdauðar hænur. Kveðst hann hafa tekið nokkrar hænur með sér að Keldum til rannsóknar. Sjálfst kvaðst vitnið hafa verið viðstatt, þegar hænurnar voru skoðaðar nánar að Keldum, og virtust þá koma í ljós einkenni eftir bit. Vitnið kvaðst hafa verið viðstatt, þegar minkur var fluttur að Lykkju. Var það í fyrsta sinn, sem slíkur innflutningur átti sér stað, eftir að minkarækt var leyfð á ný hér

á landi. Minkarnir komu í búrum í flugvélum, og var eitt dýr í hverju hólf í búrunum. Með sendingu fylgdu skýrslur frá seljanda í Noregi, og sagði vitnið, að hann hefði borið saman þessa skrá við hvert búr. Á búrunum voru merki, og voru þau merki borin saman við merki á farmskírteinunum. Við þennan samanburð kom ekkert óeðlilegt í ljós. Vitnið var spurt um skrá þá, sem getið er um í 3. gr. reglugerðar nr. 27/1970. Vitnið sagði, að umrædd skrá (farmskírteini) hafi verið notuð sem skrá skv. umræddri 3. gr.

Rannsóknarlögreglan í Hafnarfirði tók skýrslu af Helga Sigfús-syni, bústjóra minkabúsins Pólarminks h/f, þann 2. febrúar 1971. Sagði Helgi, að þann 4. ágúst 1970 hefði hann tekið við minkum Pólarminks h/f í Noregi, samtals 2000 dýrum. Á leiðinni til Íslands hafi 77 minkar drepist í flugvélinni. Síðan og þar til pelsun hófst 7. desember 1970 drápust 23 stk. Kvaðst Helgi hafa pelsað 399 stk., en pelsun lauk 20. desember 1970. Frá þeim tíma til 31. desember 1970 drápust 10 minkar. Um áramót 1970—1971 voru lifandi í búinu 1491 minkur. Frá áramótum til 19. janúar drápust 12 minkar. 31. janúar drápust 7 stk., og 2. febrúar fundust 6 dauðir minkar, þannig að eftir voru á búinu 1466 minkar, þ. e. þann 2. febrúar 1971. Helgi sagðist fyrst í stað hafa brennt þá minka, sem drápust, þar sem hann hafi ekki vitað, að það ætti að rannsaka þá á Keldum, en síðan kveðst hann hafa farið með alla dauða minka þangað.

Ljóst er af sakargögnum, að tveir rannsóknarlögreglumenn úr Hafnarfirði gerðu talningu á minkum í búi Pólarminks h/f að Skeggjastöðum þann 2. febr. 1971. Um þennan atburð segir svo í skýrslu þeirra: „... Við talningu kom í ljós, að í búinu voru 1466 dýr á lífi, 6 dauð og 7 hræ.

Í hverju búi var eitt dýr. Bústjórinn Helgi Sigfússon sagði, áður en okkar talning hófst, að í búinu væru 1466 dýr, sem og reyndist rétt vera.

Hann kvaðst ekki geta gert grein fyrir öllum dýrunum frá upphafi, þar sem hann hafi brennt skrokkum af sumum þeirra, sem drepist höfðu, og ekki vitað í fyrstu, að þeim ætti að skila að Keldum.

Vísast nánar til skýrslu, sem tekin var af Helga á staðnum.

Hann kvað stjórnarformann Pólarminks vera Pál Ásgeir Tryggvason, sem hefði gögn yfir, hvað mörg dýr hafi komið í upphafi til búsins ...“.

Nokkur gögn hafa verið lögð fram í málinu um minkahald og talningu á minkum á búinu að Ósi við Akranes og búi Fjarðarminks h/f, Hafnarfirði, en ekki er ástæða til þess að rekja þessi gögn hér.

Umræddur minkur var krufinn að Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Krufningarskýrslan er undirrituð af Guðmundi Georgssyni, lækni að Keldum, 30. janúar 1971 og hljóðar svo:

„Niðurstöður athugunar á mink, sem rannsakaður var samkvæmt beiðni bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði. Lögregluþjónn afhenti minkinn á Tilraunastöðina að Keldum þ. 23/1 '71, og var beiðt að kanna, hversu gamall minkurinn væri og hvað hann hefði etið. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar var minkurinn veiddur í Dalsmynni, Kjalarnesi.

Niðurstöður krufningar: Svört læða með hvítan flekk á höku. Læðan vegur 680 g með feldi, en 530 g flegin. Dökkleitt klístur í feldi við ofanverðan mjóhrygg báðum megin og á vinstri síðu frá kvið upp á brjóst svo og hægra megin á brjósti rétt aftan við hægri framfót. Feldurinn er einnig nokkuð klístraður umhverfis ytri kynfæri. Talsvert slit er á tönnum. Vígtennur eru nokkuð sljóar og glerungur dálítið hrufóttur, ennfremur er nokkurt slit á framtönnum. Við fláningu kemur í ljós mar í undirhúðarvef og vöðvum á hnakka og höfði og framanvert á báðum framfótum. Dýrið er áberandi magurt og nær engin subcutan fita og nær engin fita í kviðarholi. Ekki finnst móta fyrir spenastæðum eða mjólkurkirtlum þrátt fyrir nákvæma leit. Vinstra megin ofanvert á kvið er tætt sár, opið inn í kviðarhol. Ennfremur sár og brot á neðanverðri brjóstgrind báðum megin. Blóðtrefjar í brjóst- og kviðarholi. Milti sundurtætt, rifur í lifur, þind tætt og opin upp í brjósthol. Neðri lungnablöð báðum megin sundurtætt og blóðhlaupin. Vélindi er tóm. Lítils háttar slím í maga og efst í mjógirni. Í neðanverðu mjógirni og ristli nokkuð heillegar fjaðrir, ennfremur finnst í ristli vöndull með blágrænleitu þræði, stráum og hárum, auk dökkleits kornóttts massa. Innri kynfæri: Legfíngert svo og legpípur. Eggjastokkar ca. 2—3 mm í þvm., dökkrauðleitir við hilus, en ljósleitari við yfirborð. Ekki sjást neinir hnútar með þerum augum.

Smásjárskoðun: Við smásjárskoðun á nokkrum sneiðum úr báðum eggjastokkum sáust allmörg eggbú á mismunandi þroskastigum, en hins vegar engin gulbú eða leifar þeirra.

Röntgenmyndir leiddu í ljós, að beinvexti var lokið, og enn-

fremur kom í ljós, að brjóskhringir í barka og geislungum voru byrjaðir að kalka.

Ályktun: Þarmainnihald sýnir ótvírætt, að minkalæða þessi hefur lagzt á fugl. Röntgenmyndir leiddu í ljós, að beinvexti var lokið, þ. e. að læðan hafi verið eldri en um það bil 6 mánaða, en á því aldursskeiði lýkur beinvexti hjá mink. Sú staðreynd, að ekki fundust gulbú eða leifar þeirra í eggjastokkum læðunnar, hvorki við stórsæja skoðun né smásjárskoðun, er mjög ótvíræð vísbending um það, að ekki hafi verið hleypt til læðunnar, hafi hún lifað fengitíma, sem er að jafnaði í marzmánuði. Egglos er undanfari þess, að gulbú myndist og verður tæpast nema hleypt sé til á fengitíma. Ekki fannst móta fyrir mjólkurkirtlum, og bendir það til þess, að læðan hafi ekki átt hvolpa.

Niðurstaða: Minkalæða, sem lagzt hefur á fugl, eldri en $\frac{1}{2}$ árs, en sennilega yngri en um það bil 10 mánaða. Ekki er fyllilega unnt að útiloka, að læðan geti verið eldri, en þá verður að telja nær fullvíst, að hún hafi hvorki átt hvolpa né verið hleypt til hennar“.

Þá liggur enn fremur frammi í málinu skýrsla Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum, dags. 2. apríl 1974 og undirrituð af Halldóri Vigfússyni, um minkbitnar hænur. Þar segir svo: „20/1 1971: 19 hænur frá Guðlaugi Guðmannssyni, Dalsmynni, Kjalarnesi, Kjósarsýslu. Brynjólfur Sandholt dýralæknir kemur með þessar dauðu hænur.

Saga: 11. þ. m. var fólk ekki heima milli kl. 11 og 16. Þegar komið var aftur, lágu 5 ungar hænur (10—12 mán.) dauðar, og 5 voru veikar. Þær drápust smátt og smátt. Engar nýjar bættust við. Í gær (19/1) liggja svo 13 hænur dauðar. Þær voru eldri, $1\frac{1}{2}$ – $2\frac{1}{2}$ árs, og í annarri stíu(?).

Hæurnar sagðar verða mjög bláar á haus og hálsi. Ekki hefur borið á veikindum undanfarið, þó að ein og ein hafi drepizt. Varp hefur nú dottið niður, en var 50—60%.

Athugun: Allar þessar 19 hænur bera ummerki eftir áverka á hálsi og hnakka. Er skinnið eða hamurinn mismunandi mikið skaddaður. Í sumum tilvikum sjást aðeins á skinni smágöt, sem geta verið eftir hvassar tennur, en í öðrum tilvikum er holdið á hálsi meira eða minna skert og bein löskuð. Víðast hvar er mikið af blóði og blóðlifrum undir skinni á hálsnum hæsnanna, sem sýnir, að þessir áverkar hafa orðið í lifanda lífi, en geta ekki verið t. d. rottunag, eftir að hæurnar drápust“.

3.

3.1. Stefnandi telur gögn málsins veita næga vísbendingu um það, að aliminkur hafi valdið umræddu tjóni. Sé ljóst, að minkurinn hafi sloppið frá minkabúi. Miðað við aðstæður og sakargögn sé helst um að ræða minkabú þau, sem stefndu reki, en þessum búum sé það sameiginlegt, að þau hafi ekki haldið skrár þær yfir minka, sem lögskýlt sé að halda skv. 16. gr. reglugerðar um loðdýrarækt nr. 282/1969. Af því leiði, að stefndu hafi ekki getað sannað með talningu og skráum þessum, að frá þeim hafi ekki sloppið minkur. Stefndu verði, eins og hér sé ástatt, að bera hallann af þessum sönnunarskorti, enda bendir stefnandi á, að mjög erfitt sé fyrir tjónþola að sanna, hvaðan minkur sé kominn, sem tjóni valdi. Augljóst sé af lagareglum, að eigandi minkabús sé ábyrgur fyrir tjóni af völdum dýra, sem sleppi úr vörslu. Meiri vandi sé á höndum, þegar tvö bú komi til greina, eins og í máli þessu. Heldur stefnandi því fram, að þegar svo standi á, beri að gera búin samábyrg með hliðsjón af því, að af hálfu beggja búanna hafi verið sýnd vanræksla varðandi vörslu, skráningu og talningu dýra. Í framhaldi af þessu bendir stefnandi á bréf landbúnaðarráðuneytisins 26. apríl 1971, en þar sé lagt til, að forstöðumenn nefndra búa svo og bústjórar yrðu áminntir fyrir rétti um að gæta ákvæða gildandi laga og reglugerðar um loðdýrarækt og umgengni á búum og frágang mannvirkja þannig, að ekki ætti að koma til þess, að dýr sleppi úr vörslu.

Varakrafan er á því reist, að meiri líkur séu á því, að minkurinn hafi sloppið frá búinu Lykkju á Kjalarnesi, þ. e. frá stefnda Loðdýri h/f.

Stefnandi hefur gert svofellda grein fyrir kröfum sínum: „Minkurinn drap 107 hænur. Til viðbótar varð ég að slátra 266 hænum, vegna þess að varp hjá þeim féll alveg niður eftir heimsókn minksins. Í staðinn keypti ég 370 fimm mánaða gamla unga, er ég þurfti að ala í 10 vikur, uns þeir fóru að verpa, en varphænur fást ekki keyptar.

Tjón mitt met ég svo:

1. Kaupverð 370 unga	kr. 87.850.00
2. Fóðurkostnaður unganna í 10 vikur	— 37.000.00
3. Afurðamissir í ca 10 vikur	— 92.000.00

Samtals kr. 216.850.00

4. Frá dregst sláturverð á 266 hænum .. kr. 20.870.00

Kr. 195.980.00

Afurðatjónið undir lið 3 miðast við það, að ég hafi misst af varpi úr 373 hænum í ca 10 vikur, en reikna má með, að hæna verpi 2.5 kg af eggjum á 10 vikna tímabili. Kílóíð af eggjum reikna ég á kr. 115.00. Útkomuna, sem þannig fæst, kr. 107.237.50, lækka ég niður í 92.000.00 vegna vanhalda, og er sú vanhalda-áætlun mjög rífleg“.

3.2. Stefndi Loðdýr h/f dregur í efa, að minkur hafi valdið umræddu tjóni. Í annan stað er því alfarið mótmælt, að um alimink hafi verið að ræða. Bent er á, að í íslenskri náttúru fyrirfinnast svartir eða mjög dökkir minkar. Enn fremur er vísað í orðalag í skýrslu Guðmundar Georgssonar læknis: „Talsvert slit er á tönnum. Vigtennur eru nokkuð sljóar og glerungur nokkuð hrufóttur, ennfremur er nokkurt slit á framtönnum“. Telur stefndi Loðdýr h/f, að þessi umsögn bendi til þess, að um villimink hafi verið að ræða, þar eð fæða hvolpanna frá Loðdýri h/f var þykkur, en mjúkur, massi, sem ekki slíti tönnum. Þá er á það bent, að um skemmdarverk kunni að vera að ræða, þar eð vitað sé, að margir séu andvígir minkahaldi í landinu.

Því er alfarið mótmælt, að minkur hafi sloppið frá Loðdýri h/f. Á það er bent, að þegar minkar voru fluttir til minkabúsins á Ósi við Akranes frá Noregi, hafi þeir misst lausan mink út í flugvélina. Minkurinn var þó handsamaður, er flugvélina kom til Reykjavíkur. Er enn fremur gefið í skyn, að ekki sé útilokað, að minkur hafi sloppið þarna á leiðinni með flutningabifreið til Óss við Akranes.

Af hálfu Loðdýrs h/f er því haldið fram, að venjulegar bóta-reglur eigi hér við um sök og sönnun sakar. Það leiði til þess, að fullyrðingar um bótaskyldu stefnda Loðdýrs h/f séu ósannaðar. Viðurkennt er, að skrá sú, sem 16. gr. reglugerðar nr. 282/1969 fjallar um, var ekki haldin, en bent er á, að slíkar skrár eigi að halda til að létta veiðistjóra eftirlit. Vanræksla á þessu breyti því engu um sönnunarreglur. Þá hafi veiðistjóri ekki heldur afhent búinu skýrslubók, svo sem honum hafi þó borið að gera.

Bótafjárhæð er mótmælt sem rangri og of hárrí. Sönnur hafi ekki verið lagðar fram fyrir því, hversu margar hænur stefnandi hafi misst. Bent er á, að bótakrafa stefnanda hafi fyrst verið kr. 150 þús., en mánuði seinna sé hún orðin kr. 195.980.

3.3. Stefndi Pólarminnur h/f mótmælir því alfarið, að minnur hafi sloppið frá því fyrirtæki. Bent er á, að vegalengdin frá Lykkju að Dalsmynni sé aðeins 3—4 km, en frá Skeggjastöðum að Dalsmynni að minnsta kosti 20 km. Á líklegri leið minksins þaðan séu mörg býli; hænsnabú, laxaeldistöð í Kollafirði og minkabúið að Lykkju. Sé ólíklegt, að aliminkur geri hvergi vart við sig á svo langri leið. Þetta sýni ljóslega, að umræddur minnur hafi ekki getað komist frá búinu að Skeggjastöðum. Þá er og á það minnst, að hænsnabúið að Dalsmynni á Kjalarnesi hafi ekki verið nægjanlega vel útbúið og ekki minkhelt. Það leiði til þess, að tjónþoli eigi að bera tjón sitt að öllu eða mestu sjálfur.

Að öðru leyti hefur Pólarminnur h/f borið fyrir sig svipaðar málsástæður og reifaðar voru í 3.2 hér að framan.

Stefnufjárhæð er mótmælt sem of hárrí, einkum 3. lið. Þar sé afurðamissir talinn kr. 92.000 sem beint tap, en ekki sé reiknað með kostnaði vegna fóðurs í þær 10 vikur, sem stefnandi telji sig hafa misst af varpi úr 273 hænum, hvað þá vinnukostnaði.

4.

4.1. Telja verður, að fyrrgreind skýrsla Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði, dags. 2. apríl 1974, ásamt vitnaskýrslum, aðiljaskýrslu stefnanda og öðrum gögnum taki af tvímæli um það, að minnur sá, sem handsamaður var í hæsnahúsi stefnanda að Dalsmynni, Kjalarnesi, hafi valdið hæsnadrápi því, sem er til efni máls þessa. Hræi minksins hefur verið fargað, en krufningarskýrsla hefur áður verið rakin.

Litarháttur minkalæðunnar, hátterni ásamt líkamlegu ástandi hennar við krufningu veita til samans sönnun fyrir því, að hér var um alimink að ræða. Lýsing í krufningarskýrslu á tönnum dýrsins bendir ekki í gagnstæða átt. Minkabú stefnda Loðdýrs h/f er í um 3—4 km fjarlægð frá Dalsmynni, en á minkabúinu voru m. a. haldnir svartir aliminkar af svonefndri „Standard“ tegund. Upplýst er, að lögboðnar skýrslubækur um minka voru ekki haldnar á minkabúi þessu. Ófullkomin skrá, sem þó var haldin og lögð hefur verið fram í málinu, nær aðeins til hluta þess tímabils, sem hér skiptir máli. Hvorki skrá þessi né önnur gögn skjóta loku fyrir það, að minnur hafi sloppið frá minkabúi þessu. Með hliðsjón af framanrituðu og þeim skaðabótasjónarmiðum, sem hér eiga við, ber að leggja ábyrgð á tjóninu á stefnda Loðdýr h/f. Eru engin rök til að skerða þennan bótagrundvöll vegna eigin sakar stefnanda eða af öðrum orsökum.

Stefndi Pólarminkur h/f rekur minkabú að Skeggjastöðum í Mosfellssveit, en þar eru einnig haldnir svartir aliminkar. Lögboðnar skýrslubækur um minka voru þar ekki haldnar, og engar skrár eða gögn um þá hafa verið lagðar fram af hálfu þessa minkabús. Minkabú þetta er í um 20 km fjarlægð frá Dalsmynni. Engu verður slegið föstu um það, hversu lengi minkurinn hefur leikið lausum hala, en ljóst er, að um mánuð eða meir gæti verið að ræða eða styttri tíma. Með hliðsjón af því, sem kunnugt er um hreyfingar ungra villiminka í náttúrunni og um hátterni þeirra við þær aðstæður, verða engar öruggar ályktanir dregnar af fjarlægðinni einni saman.

Með skírskotun til þess, sem nú var sagt, er rétt að fella einnig bótaábyrgð á stefnda Pólarmink h/f og á þeim bótagrundvelli, sem fyrr er rakinn. Ljóst er af sakargögnum, að stefnandi hefur orðið fyrir talsverðum búsjfjum af völdum minksins. Má eftir atvikum miða við frásögn stefnanda sjálfs um, að minkurinn hafi drepit 107 hænur og að varp hafi fallið með öllu niður úr 266 hænum til viðbótar, enda eru þessar fullyrðingar nokkrum gögnum studdar og teljast ekki ósennilegar miðað við aðstæður. Fullyrðingu stefnanda um, að ekki hafi verið unnt að kaupa varphænur í stað þeirra, sem ónýttust honum, hefur ekki verið hnekk. Við ákvörðun bóta til handa stefnanda má hafa til hliðsjónar kaup hans á 370 hænuungum samkvæmt framlögðum reikningi. Enn fremur má ætla, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna afurðamissis, en gögn málsins bera með sér, að hann hafi haft atvinnu af hænsnarækt. Að öllu athuguðu eru heildarbætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 130.000, en þá hefur þegar verið dregið frá sláturverð 266 hæna, svo sem stefnandi hefur sjálfur gert, sbr. 3.1. Ber að dæma stefndu til að greiða þessa fjárhæð óskipt með vöxtum eins og krafist er. Stefndu ber enn fremur að greiða stefnanda málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn kr. 40.000.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Arnþóri Garðarssyni prófessor og Sigurði Helgasyni lektor.

Dómsorð:

Stefndu, Loðdýr h/f og Pólarminkur h/f, greiði stefnanda, Guðlaugi Guðmannssyni, kr. 130.000 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1971 til greiðsludags og kr. 40.000 í málskostnað,

óskipt, innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. október 1976.

Nr. 186/1976. **Ákærvaldið**
 gegn
Ívari Erni Ingólfssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur með kæru, dagsettri 1. október 1976, kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn 30. september s. á. Kærugögn bárust Hæstarétti 11. og 14. október 1976. Ríkissaksóknari hefur leyft kæru þessa skv. 1. tölu-lið 171. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973. Krefst ákærði þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að tekin verði til greina krafa hans um, að meðdómendur í máli hans, Edgar Guðmundsson og Páll Hannesson byggingaverkfræðingar, víki sæti í málinu. Enn fremur krefst hann kærumálskostnaðar.

Samkvæmt gögnum máls fékk verjandi ákærða vitneskju um hinn kærða úrskurð 1. október 1976. Kærði hann úrskurðinn með bréfi, er hann kveðst hafa ritað og póstlagt samdægurs. Samkvæmt frásögn sakadómarara þess, er kvað upp hinn kærða úrskurð, barst honum kæran 5. október s. á., en þá var kærufræstur liðinn samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974. Þar sem kæra skal vera bréfleg samkvæmt nefndu lagaákvæði, sé hún ekki bókuð í þingbók, skiptir ekki máli, þótt verjandi ákærða hafi hinn 1. október lýst kæru sinni í